

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

28. ágúst 2024. 152. tbl. 22. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is

ELDGOS

Sjónarspil við Sundhnúka

Enn og aftur sýnir náttúran sína ógnarkrafta svo að segja í bakgarði Kópavogs í Sundhnúkagígaröðinni á Reykjanesi. Ljósmyndari Kópavogsblaðsins, Kristján Kristinsson, fangaði hamfarirnar sem sáust vel frá Kópavogskirkju.

Ljósmyndari: Kristján Kristinsson.



Efnisyfirlit

| | |
|--------------|----|
| ■ Mannauður | 2 |
| ■ Samkór | 4 |
| ■ Belladonna | 6 |
| ■ Krossgáta | 10 |



Líf og fjör á Hamraborgarhátíð /6



Stútfullt nýtt leikár /12



Sigrúðu á Gothia Cup /13

VILDARKORT

LIND

FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúger:** 30% afsláttur af öllum innihaldsgögnum. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parké:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðingum. **Z. brattir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlaetstækjum og ljósum. **ATH:** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAÚST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Andrés Andrésson S: 662 5339
Jóhanna Eiríks
Guðmundur Örn Jóhannsson S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



RÉTTUM OG SPRAUTUM
ALLAR GERÐIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

BÓKAÐU TÍMA

ALMENNAR VIÐGERÐIR
BILANAGREINING
SMURÞJÓNUSTA
TÍMAREIMASKIPTI
VÉLAR, GÍRKASSAR & SJÁLFSKIPTING



564 1180

BILVOGUR@BILVOGUR.IS

AUÐBREKKA 17 • 200 KÓPAVOGI

BILVOGUR
BILVOGUR.IS

Sérhæfum okkur í réttinum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi

Við réttum og sprautum

Auðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141

www.varmiehf.is



Kjötbúð
í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA



KJÖTHUSIÐ
Kjötvinnsla

Smíðjuvegur 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, opnaði sýninguna Hamskipti með verkum Gerðar Helgadóttur í sýningarstjórn Cecilie Gaihede. Ásdís Kristjánsdóttir afhjúpaði nýjan skúlptúrgarð. Einnig kynnti Gerðarsafn nýja útgáfu - bókina Leitað í tómið, um listsköpun Gerðar.

MENNING

Hamskipti í Gerðarsafni

Sýningin Hamskipti var nýlega opnuð í Gerðarsafni af Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands. Sýningin varpar ljósi á hamskipti í listsköpun Gerðar Helgadóttur. Í gegnum ævistarfar sitt skapaði Gerður (1928-1975) verk sem endurspeglar þýðingarmiklar hugleiðingar um mannlega tilvist, form og efnivið. Á sýningunni má sjá margþætt og margslungin verk Gerðar sett í samhengi sem dregur fram lítil en náin augnarblik og ýtir undir tengingar á milli verka.

Öflugt listrænt starf

Það má glögg sjá að í Gerðarsafni birtist sköpunargleði Gerðar í öflugum listrænu starfi og tengingu við samfélagið. Í ávarpi sínu sagði Halla

Tómasdóttir, forseti - sem á rætur sínar að rekja til Kársness, meðal annars að í Gerðarsafni er lagt kapp við að bjóða allar raddir velkomnar og að skapa vettvang fyrir samræður, túlkun og tjáningu. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs tók í sama streng er hún opnaði formlega skúlptúrgarðinn en það er verkefni sem Gerður hóf við heimili sitt í París en náði ekki að klára sökum veikinda.

Skúlptúrgarður

Í tilefni af 30 ára afmæli Gerðarsafns hefur verið skapað nýtt almenningsrými sem tengir starfsemi safnsins út fyrir hússins dyr. Skúlptúrgarður með verkum Gerðar Helgadóttur er samkomustaður fyrir íbúa Kópavogs

og alla gesti svæðisins. Þar gefst færi á njóta samveru umvafin myndlist og náttúru. Skúlptúrgarðurinn er staðsettur vestan megin við safnið og sagði bæjarstjóriinn garðinn bera þess vitni um þá stanslausu þróun sem menningarlífið í Kópavogi ber merki um.

Í hringiðu módernismans

Bókin Leitað í tómið hefur verið gefin út en hún fylgir listakonunni í hringiðu módernismans í París, skoðar tengingar hennar við aðra listamenn og veltir upp stöðu hennar í samtíma sínum. Ritnið er safn fræðigreina sem setja fram nýjar nálganir á listsköpun Gerðar Helgadóttur. Höfundar greina eru Dr. Benedikt Hjartarson prófessor í almennri bókmenntafræði og menningarfræði við Háskóla Íslands, Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður Gerðarsafns, Cecilie C. Gaihede verkefnastjóri safneignar og rannsóknar hjá Gerðarsafni, Dr. Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir list- og sagnfræðingur, Hallgerður Hallgrímsdóttir myndlistarmaður og Æsa Sigurjónsdóttir prófessor í listfræði við Háskóla Íslands.

Í haust mun Gerðarsafn bjóða meðal annars upp á sýningarstjórspjall og málþing um Gerði Helgadóttir.

MANNAUÐUR

Axel Ingi ráðinn forstöðumaður Salarins

Axel Ingi Árnason hefur verið ráðinn forstöðumaður Salarins. Axel Ingi er með BA og M.Mus í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands og meistaraþróf í menningarstjórnunum frá Háskólanum á Bifröst. Hann hefur starfað sem tónskáld, lagahöfundur, kórstjóri og píanóleikari. Má þar nefna að hann samdi og flutti tónlistina í leikritinu Góðan daginn Faggi eftir Bjarna Snæbjörnsson og Grétu Kristínu Ómarsdóttur sem sló í gegn og hlaut fyrir verkið tilnefningar til Grímunnar og Íslensku tónlistarverðlaunanna. Axel Ingi ásamt Péttri Karli Heiðarsyni samdi einnig tónlistina í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á And Björk of Course eftir Þorvald Þorsteinsson. Þá hefur hann samið tónlist fyrir fjölmörg önnur leikrit og kvikmyndir.

Axel Ingi hefur einnig unnið við texta- og handritaskrif fyrir leiksýningar og sjónvarpsþætti, sett á fót eigin leiksýningar og tónlistarviðburði, verkefnastjóri viðburðum og unnið sem kórstjóri og píanóleikari. Hann hefur frá hausti 2022 starfað sem verkefnastjóri viðburða og rekstrar í Salnum en frá því mars 2024 hefur Axel Ingi verið starfandi forstöðumaður Salarins.



Axel Ingi hefur metnaðarfulla sýn á framtíð Salarins.

Alls sóttu 30 um stöðu forstöðumanns, en tveir drógu umsókn sína til baka. Forstöðumaður er ráðinn til fimm ára með möguleika á framlengingu.

„Axel Ingi hefur metnaðarfulla sýn á framtíð Salarins sem er einstakt tónlistarhús auk þess að vera vettvangur viðburða af ýmsum toga. Þá er afar ánægjulegt að fá hann í hóp öflugra menningarstjórnenda í Kópavogi,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.

„Axel Ingi hefur mikla þekkingu og innsýn í ólíkar tónlistarstefnur sem mun nýtast afar vel. Þá hefur hann mikinn metnað fyrir menningarstarfi í Kópavogi og mun leggja þar dýrmætt lóð á vogarskálarnar,“ segir Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi.

Salurinn var vígður fyrir 25 árum og er fyrsta tónlistarhús á Íslandi sem hannað er með flutning tónlistar í huga.

LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI




Opið: 11-16
alla virka daga
Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Eyraryröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



NÝ TÆKNI!

NÝ BYLTINGARKENND HEYRNARTÆKI MEÐ ÞREMUR HLJÓÐNEMUM

- Hljóðnemi í hlustinni notar hæfni eyrans til að safna upplýsingum sem heilinn þarf til að skilja hljóðin.
- Auðveldara að taka þátt í samræðum í virku hljóðumhverfi.
- Betri talgreining um leið og bakgrunnshávaði er lágmarkaður í háværu hljóðumhverfi.
- Fjarþjónusta. Fáðu heyrnartækin þín stillt án þess að mæta á staðinn.

FAGLEG ÞJÓNUSTA HJÁ LÖGGILTUM HEYRNARFRÆÐINGI

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

HLÍÐASMÁRI 19, 2.HÆÐ · 201 KÓPAVOGI · SÍMI 534 9600

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Kópavogsblaðið slf,
kt: 620513-1800

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is

Hönnun: Guðmundur Árnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | S. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til rekstur kirkjugarðanna

HAMRABORG
 Listahátíð
 í Kópavogi
 FESTIVAL

29. ágúst -
 5. september



Myndlist, gjörningar,
 tónlist & vinnustofur
 Visual art, performances,
 music & workshops

Sýningar opnar:
 29. ágúst - 5. september
 Exhibitions open:
 29 August - 5 September

Opnun hátíðar á Hálsatorgi
 30. ágúst, kl. 16.30
 Opening at Hálsatorg
 30 August, 4:30 pm

Check out the program at
hamraborgfestival.is



Lakkskemman

Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,
sími: 557 4540, www.lakkskemman.is

ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR

KEPPNIS- OG ÆFINGAFERÐIR

ENDURMENNTUNARFERÐIR

VIÐSKIPTAFERÐIR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VISITOR.IS

Visitor

FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20 | 200 Kópavogur | Sími 578 9888 | visitor.is

FYRIRTAÐ

málningarþjónusta

Öll almenn
málningarvinna
og viðhald
á fasteignum

Ámundi S. Tómasson
Löggiltur málarameistari

MÁLARAR

MÚRARAR

SMÍÐIR

519 5949

fyrirtak@fyrirtak.is

fyrirtak.is



SAMKÓR

Vetrarstarf að hefjast

Samkór Kópavogs hefur upp raust sína á nýju starfsári í byrjun september líkt og hann hefur gert á hverju hausti frá árinu 1966. Kórinn hefur starfað og stutt sönglífi í Kópavogi í nær 60 ár en kórinn var stofnaður af hressum og söngglöðum bæjarbúum sem vildu efla menningarlíf bæjarins og segja má að það hafi tekist vel.

Fjöldi söngstjóra hafa stýrt kórnum frá upphafi. Fyrsti söngstjórinn og einn af stofnendum hans var Jan Morávek. Á síðast starfsári tók Lenka Matéová við stjórn kórsins. Undir hennar stjórn söng kórinn afar vel

heppnaða tónleika s.l. vor og fékk kórinn mikið lof fyrir söng sinn og efmisskrá tónleikanna.

Mikil gróska er í kórnum og á komandi starfsári heldur kórinn í hefðina og syngur jólatónleika í byrjun desember og vortónleika í maí. Fyrirhuguð er utanlandsferð á næstunni en kórinn hefur farið í fjölda söngferða, bæði innan- og utanlands.

Samkór Kópavogs æfir í Digraneskirkju á mánudagskvöldum kl. 19.00 til 21.30. Í kórnum fer fram metnaðarfullt söngstarf í skemmtilegum og samheldnum hópi kórsöngvara.

Kórfélagar eru nú um 50 talsins, búsettir í Kópavogi og viðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.


Kórinn getur alltaf bætt við sig góðu söngfólki og hvetur áhugasama að hafa samband við Sigríði Finnsdóttur, formann kórsins í síma 8403328 eða senda tölvupóst á samkor@samkor.is

Nánari upplýsingar um kórinn má finna á fésbókarsíðu hans og á heimasíðunni, www.samkor.is

Einnig má finna skemmtilegt myndband á Youtube sem gert var í tilefni 50 ára afmæli kórsins: Samkór Kópavogs 50 ára.

FLAUTUKÓRINN

Frægðarför til Ítalíu



Pamela De Sensi, flautukennari Tónlistarskólans í Kópavogi.

„Við komum heim með fullt af gulli, silfri og bronzi rétt eins og á Ólympíuleikunum,” segir kampakát

Pamela De Sensi, flautukennara Tónlistarskólans í Kópavogi. Flautukór kórsins lagði nýverið Sikiley á Ítalíu að fótum sér og vann þar mörg verðlaun nýveirð í alþjóðlegu flautukeppninni „Angelo Faja“. Flautukórinn tók jafnframt þátt í Erasmus+ verkefni með nemendum í tónlistarmenntaskóla í Enna og spilaði þar með þeim á tónleikum í Dómkirkjunni undir stjórn Pamelu.

Í flautukór Tónlistarskóla Kópavogs voru 14 nemendur á aldrinum 14 til 24 ára. Flautukórinn fékk fyrstu verðlaun í flautukeppninni og auk þess sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi flutning, samspil, tækni og hljóð. Alma Bergrós Hugadóttir, Hrefna Vala Kristjánsdóttir og Höskuldur Tinni Einarsson urðu í fyrsta sæti í lágflautu samspilsflokki og einnig hvert um sig. Hrefna Vala varð í öðru sæti í pikkólókeppni í yngri flokki og Þóra

Magnúsdóttir og Guðjón Daniel Bjarnason urðu í þriðja sæti í einleik á flautu í sínum flokki. Valgerður Íris fékk sérstök verðlaun fyrir pikkóló tækni og Arna Ösp Bjarnadóttir fyrir besta flutninginn á rómantísku verki. Flautukórinn hlaut jafnframt gjafabréf frá ítölskum hljóðfæraframleiðendum til að kaupa hljóðfæri fyrir kórinn.

Eftir flautukeppnina hélt flautukórinn tónleika í Þjóðgarðinum í Siracusa og var þeim sjónvarpað og útvarpað á Sikiley. „Flautukórnum frá Tónlistarskóla Kópavogs var sýndur mikill heiður með þessu og var honum var klappað lof í löfa. Þetta var í fyrsta sinn sem tónlistarnemendur hafa fengið að halda tónleika í garðinum og var það mikill heiður,” segir Pamela að lokum.



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson




Þorbergur Þórðarsson



Ellis Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson



FIMLEIKAR ERU FYRIR ALLA!

Íþróttafélagið Gerpla býður uppá fimleika fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri!



KRÍLAFIMLEIKAR
GRUNN- OG FRAMHALDSHÓPAR
HÓPFIMLEIKAR
FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA
PARKOUR
FULLORÐINSFIMLEIKAR
ÁHALDAFIMLEIKAR
BOLTAPREK
FIMLEIKAR FYRIR ALLA

Fimleikar eru frábær grunnur fyrir allar íþróttir, við hvetjum alla til að prófa!

Frábær félagsskapur, framúrskarandi þjálfarar og endalaus gleði sem fylgir því að hreyfa sig við allra bestu aðstæður sem finnast í Evrópu



UPPLÝSINGAR
gerpla.is
gerpla@gerpla.is

SKRÁNING
abler.io/shop/gerpla

MENNING OG MANNLÍF

Líf og fjör á Hamraborgarhátíð

Agnes Ársælsdóttir er myndlistarmaður og sýningarstjóri Hamraborgarhátíðarinnar í ár. Agnes útskrifaðist með BA gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2015 en stundar nú nám í sýningastjórnun við Háskóla Íslands. Agnes sýndi verk sín á fyrstu Hamraborg Festival árið 2021 ásamt Önnu Andreu Winther og Svanhildi Höllu Haraldsdóttur í Midpunkt. Út frá starfi listamanna í Midpunkt, sem var starfrækt í Hamraborg 22 frá árinu 2018 - 2021 spratt Hamraborg Festival.



Agnes Ársælsdóttir, myndlistarmaður og sýningarstjóri Hamraborgarhátíðarinnar.

Kópavogsbúi í húð og hár

Agnes er alin upp í Kópavogi; gekk í Snælandsskóla, æfði fótbolta með HK, stundaði nám við Tónlistarskóla Kópavogs og vann nokkur sumur í Skapandi sumarstórfum í Molanum og er því mjög kunnug Hamraborg og svæðinu þar nálægt. „Það er ótrúlega merkilegt að fá að starfa við sýningargerð í hverfi sem var mér svo kært í æsku,” segir Agnes. „Þrátt fyrir það er ég alltaf að sjá nýjar hliðar á þessum magnaða miðbæ sem Hamraborgin er. Sýningararnar á Hamraborg Festival eru settar upp í rýmum sem vísa til fjölbreytileikans í Hamraborg, allt frá Menningarhúsunum yfir í almenningsrýmið og rekstrareiningar hverfisins.“

Góð aðsókn í fyrri

Ásamt Agnesi er hátíðinni stjórnað af grafíska hönnuðinum Sveini Snæ Kristjánssyni og myndlistarmanninum og sýningarstjóranum Jo Pawlowska.

„Aðsóknin var mjög mikil í fyrri, þökk sé fjölbreytts úrvals viðburða. Þeirra á meðal var japanski gjörningahópurinn Onirisme Collective sem bauð í gistingu á Gerðarsafni, þönk

ganga Dr. Gunna um Hamraborgar-svæðið og ógleymanlegir tónleikar Fræbbblanna á Café Catalina. Gestir geta búið við frábæru veisluhaldi í ár en áherslan verður á samsköpun, samvinnu og sameiginlega drauma.“

Hátíðin hlaut veglegan styrk frá Kópavogsbæ, Myndlistarsjóð og frá Barnamennningarhátíð. Því verður mikið úrval af viðburðum fyrir börn og fjölskyldur þeirra á laugardeginum 31. ágúst. Þar má nefna Skynjunarleiksmiðju fyrir sex mánaða til sex ára börn í hátíðartjaldinu, trúðasýninguna Trúðslæti á Listatúninu, sögu- og föndurstund með prinsessum á Bókasafni Kópavogs og brúðgerðar-smiðjuna í hátíðartjaldinu. Einnig verður boðið upp á raftónlistarveislu á Catalinu 31. ágúst klukkan 20:00 - 2:00 þar sem fram koma MSEA, Xiupill, Ghostigital og DJ Melerito De Jeré.

Sýningar verða opnaðar fimmtudaginn 29. ágúst með athöfn á Listatúni sem gefur forsmekkinn af opunar athöfninni sem verður haldin föstudaginn 30. ágúst á Hálsatorgi. „Hamraborg verður breytt í lifandi tiskupall þar sem samsköpun pólska fatahönnuðarins Kami Wesolowsk munu flæða um göturnar og leiða okkur á fund frika og furðuvera. Að því loknu munum við hitta fyrir litla lúðrasveit sem færa okkur á opnun Hildar Elísu Jónsdóttur í Ygallery. Næst verður gjörningarkvöld á Gerðarsafni en kvöldinu líkur síðan á raf og rapp tónleikum Hamraborg Supernova sem eru skipulagðir af tónlistarmönnum 200 og Fear and Love,” segir Agnes að lokum.



Nýja húsnæðið á Dalvegi er rýmra og bjartara og þar er góð aðkoma og næg bílastæði. Mynd: Aðsend

ATHAFNALÍFIÐ

Verzlunin Belladonna er flutt á Dalveg



Stella Ingibjörg Leifsdóttir Nielsen, eigandi Belladonna.

Verzlunin Belladonna flutti síðastliðinn vetur í nýtt og glæsilegt húsnæði við Dalveg 30. Stella Ingibjörg Leifsdóttir Nielsen, eigandi Belladonna, er þessa dagana að gera allt klárt í versluninni fyrir haustvörurnar sem senn verða á

boðstólum. „Við bjóðum fá eintök af hverri flík, yfirleitt bara eitt til tvö stykki af hverri stærð. Ég vil frekar hafa fleiri gerðir, stíla og liti,” segir Stella. „Konur vilja fá að vera sérstakar og skera sig út úr í fötunum sínum,” útskýrir Stella og bætir því við að þess vegna vilji hún geta boðið upp á fjölbreytt vöruúrval. „Það eru fá eintök af hverri flík og það útskýrir þetta mikla úrval sem eru í boði hjá Belladonna. Það er svo leiðinlegt að vera búin að leggja vinnu í að leita að einhverri sérstakri flík sem fer þér vel, máta allt mögulegt og mæta svo í boð og það eru nokkrir í sömu flík. Það er eiginlega ekki þess virði. Ég held að við konur viljum bera svolitíð af því sem við klæðumst.“

Strax góðar móttökur

Belladonna fagnar 20 ára afmæli núna í haust. Reksturinn hefur gengið mjög vel og segir Stella að móttökurnar hafi strax verið góðar. „Það er gaman að

segja frá því að sömu konurnar sem komu fyrst að versla hjá okkur, eru margar ennþá kunnar hjá okkur í dag. Það er mikið um fastakúnnna sem fylgjast mjög vel með tískunni. Vitanlega er einnig mjög mikið af nýjum viðskiptavinum,” segir Stella. Belladonna er nýflutt á Dalveginn en verslunin var einmitt í Kópavog í upphafi. Síðar flutti hún í Skeifuna en nýja húsnæðið á Dalvegi er rýmra og bjartara og þar er góð aðkoma og næg bílastæði. „Það er skemmtileg sturluð staðreynd að ég byrjaði fyrst rekstur verslunarinnar í Hliðarsmára 11, svo fór ég í Skeifuna 11 og svo í Skeifuna 8. Nú er ég komin á Dalveg 30. Samtalan af hinum þremur heimilsföngunum er einmitt 30,” þannig að 30 passar fullkomlega segir Stella og hlær. „Það er mjög gott og skemmtilegt að vera komin í Kópavog aftur. Dalvegurinn er miðjupunkturinn á höfuðborgar-svæðinu með mjög góðu aðgengi þar sem er jafnlangt úr öllum áttum.“

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt
silfurgrátt og dökkgrátt

HAGBLIKK

VELKOMIN Í HK

2024-2025



SKRÁNING ER HAFIN

[ABLER.IO/SHOP/HK](https://abler.io/shop/hk)

Allir með í handbolta
Verkefnið „Allir með“ er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ, ÍF og HK. Í vetur bjóðum við upp á handboltaæfingar fyrir börn með sérþarfir í glæsilegri aðstöðu í Kórnum.

Æfingatöflur og þjálfaralistar á www.hk.is
Hlaupahópur - Rafíþróttir - íþróttaskóli

*DAGSKRÁ OG FREKARI UPPLÝSINGAR Á HK.IS



BREIÐABLIK

FRJÁLSAR



HJÓLREIÐAR



HLAUPAHÓPUR



KARATE



KNATTSPYRNA



KRAFTLYFTINGAR



KÖRFUBOLTI



SKÁK



SKÍÐI



Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna

VETRARSTARFIÐ 2024-2025

SUND



TAEKWONDO



ÞRÍÞRAUT



RAFÍÞRÓTTIR



ÍÞRÓTTA SKÓLI BREIÐABLIKS

Byrjar 28. september

Í íþróttaskóla Breiðabliks gefst 2-5 ára börnum (fædd 2019-2022) kostur á að hreyfa sig í skemmtilegu umhverfi undir leiðsögn foreldra og reyndra þjálfara.



SKÓLATÍMI Á LAUGARDÖGUM:

2-3 ára, kl. 9:00-9:50

4-5 ára, kl. 10:00-10:50

SKÓLAGJÖLD:

10 tíma kort á 16.500 kr.

5 tíma kort á 9.000 kr.

SJÁ NÁNAR: www.breidablik.is/ithrottaskoli

.....
KROSSGÁTA



| | | SMEYGJA | KAPÍTULI | ÚT | TVEIR EINS | HÖFUÐ | HÁTTUR | BOTNFALL | RASK | SVALL |
|--|----------------|------------|-------------|--------|------------|------------|---------|----------|------|-------------|
| | HRÆSNIS-FULLUR | | | | | | | | | |
| | MENNTA | | | | | AUMA | | | | |
| | | | | | | GLUMDI | | | | |
| | ÓN | | | | ÓTTI | | | | | |
| | | | | | NÝJA | | | | | |
| | SMÁ-GREIN | | | | | | VÆL | | | |
| | TEMUR | | | | | | TRÉ | | | |
| | ↓ | BANN-HELGI | STÓ STRÍÐNI | | | LÍTID | | | | ÞARNA |
| | | | | | HALLI | MÁLmur | | | FYRR | EIN-HVERJIR |
| | STOPPA Í | | | | LANGAR | | | | | |
| | FÆÐA | | | ÁLIT | | | DÆSA | | | |
| | | | | URGA | | | ÞÍÐA | | | |
| | Í RÖÐ | | LAND | | | LITUR | | | | |
| | | | MÆLIR | | | EFTIR-RITA | | | | |
| | HÍBYLI | | | ANDI | | | FYRSTUR | | | PÚSSA |
| | | | | ÁRSTÍÐ | | | FLOKKAÐ | | | |
| | | TRÉ | | | ORLOF | | | BEIN | | |
| | | ÓRÓR | | | KÆTTIST | | | SÓT | | |
| | BAKTAL | | | | DETTA | | | | SLÁ | |
| | | | | | | | | | LÖGG | |
| | SUNDLA | | | | BYLGJAST | | | | | SKÓLI |
| | | | | | Í RÖÐ | | | | | |
| | NEMA | | | | FORMA | | | ÓHREINKA | | |
| | STULDUR | | | | | VARA VIÐ | | | | |

GÓÐ ÞJÓNUSTA — í Kópavogi


GLUGGAVINIR
Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is


Arion banki


RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is


Smíðjuvegi 14, Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755


Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is


Vinnum fyrir öll tryggingafélög
Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

Flutningsþjónusta
Mikaels
Flytjum það sem þú vilt flytja
Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is


Smíðjuvegi 14 (bleik gata),
s: 557 2122,
info@reykofninn.com,
reykofninn.is

TB

TANNBJÖRG TANNLÆKNINGAR

Hlíðarsmári 19, 564-2425,
tannbjorg@tannbjorg.is

Sótt tilboð

5.890 kr.



16" pizza af matseðli og 16" margarita eða hvítlauksbrauð

5.990 kr.



2.790 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum

5.090 kr.



12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

5.790 kr.



12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegistilboð

2.390 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.090 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

Castello
PIZZERIA

Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13

MENNING

Stútfullt nýtt leikár

Leikhúsið í Kópavogi byrjar með látum þetta leikár. Tvær sýningar verða sviði leikhússins strax í september, Ferðin til Limbó og Rommí.

Þá verður einnig boðið upp á leiklistarnámskeið fyrir fullorðna í byrjun september. Nánari upplýsingar og skráning er <https://kopleik.is>.

Ferðin til Limbó

Barnasýningin Ferðin til Limbó eftir Ingibjörgu Jónsdóttur sem frumsýnd var síðastliðinn vetur verður tekin upp og boðið upp á 4 sýningar í september. Leikritið byggir á barnabókinni Músabörn í geimflugi og var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1966. Tónlist í verkinu er eftir Ingibjörgu Þorbergs

og er þekktasta lagið úr leikritinu „Sé tunglið allt úr tómmum osti“ sem gefið var út á plötu með söng Ingibjargar. Um 20 manns koma að sýningunni á einn eða annan hátt og eru þar af átta leikarar. Sýningar eru í Leikhúsinu Funalind 2 í Kópavogi og eru sýningar fyrirhugaðar frá 21. - 28. september. Miðasala er á <https://tix.is/is>.

Sýningin er frábær skemmtun fyrir yngri kynslóðina frá 3-4 ára og upp úr.

Rommí

Leikritið Rommí eftir Bandaríkjamanninn D.L. Coburn er mörgum í fersku minni fyrir frammistöðu Sigríðar Hagalín og Gísla Halldórssonar í sýningu LR árið 1981. Verkið hefur skotið upp kollinum oftar en einu sinni síðan og ávallt fengið mikið lof fyrir að vera einmitt eins og leikrit eiga að vera, hugljúft, átakanlegt og sprenglæglegt. Átakanlegt gamanverk ef svo mætti segja. Weller Martin og Fonsia Dorsey sem búsett eru á Elliheimili eiga það sameiginlegt að

vera heldur óánægð með tilveruna; einmana, gömul og hálfbitur. Þau hafa þó bæði gaman af því að grípa í spil og skemmta sér hið besta við þá iðju a.m.k. fyrst um sinn. Kemur ýmislegt upp úr kaflinu er líður á spilamennskuna, bæði fljúga örvar Amors um loftið auk þess sem ýmislegt úr fortíðinni kemur upp á yfirborðið.

Sýnt er í Leikhúsinu í Funalind 2 Kópavogi 19. - 27. september og miðasala er á <https://tix.is/is>.

Frábær skemmtun fyrir þá sem hafa gaman af drama með komísku yfirbragði.



Magnað sjónarspil á Reykjanesi

Ljósmyndari: Kristján Kristinsson.



VERSLUM

Í HEIMABYGGÐ

Fyrirtæki og þjónusta í Hamraborg



ÍÞRÓTTIR

Í KÓPAVOGI

FÓTBOLTI

Sigrðu á Gothia Cup

Breiðablik státar nú af því að eiga Gothia Cup meistarara eftir að Knattspyrnustúlkur í Breiðablik, fæddar 2010 sem leika með fyrsta liði í 4. flokki, urðu nýverir Gothia Cup B meistarar.

Bæði stelpnalið Breiðabliks lentu

í mjög sterkum riðlum, m.a. með akademiuliðum. Stelpurnar í Breiðablik1 töpuðu aðeins einum leik á öllu mótinu, gegn Hammarby sem vann svo A keppni mótsins. Stelpurnar kepptu við lið frá ýmsum löndum, s.s. Svíþjóð, Bandaríkjunum, Austurríki

og Sameinuðu arabísku furstadæmunum og sigruðu að lokum þýska liðið KfV Segeberg í úrslitaleik 2-0.

Að þessu sinni kepptu 80 lið frá 15 löndum í þessum aldursflokki á mótinu og frammistaða og árangur stelpnanna því algjörlega frábær.



Hörður Ingi Harðarson, Andrea Marý Torfadóttir, Freyja María Sveinbjörnsdóttir, Rebekka Bríet Ragnarsdóttir, Kristín Edda Hlynsdóttir, Hrafnhildur Ýr Guðmundsdóttir, Sigurlína María Einarsdóttir, Elma Björk Jacobsen Helgadóttir, Margrét Ólöf Simonardóttir, Katrín Þóra Sveinsdóttir, Elís Maron Hannesson. **Miðröð frá vinstri:** Emma Stefanía Ernisdóttir, Sóley Birta Snorradóttir, Unnur Birna Önnudóttir, Elísabet María Júlíusdóttir, Karen Erla Atladóttir, Bryndís Anna Höskuldsdóttir, Freydis Björg Simonardóttir, **Neðri röð:** Sara Margrét Jónasdóttir, Silja Sævarsdóttir, markverðir

DALVEGURINN ALLTAFÍLEIÐINNI

Á Dalveginum er fjöldi verslana og þjónustufyrirtækja þar sem má finna gott aðgengi og fjöldi bílastæða.

Sjáumst á Dalveginum sem er alltaf í leiðinni í Kópavogi



Skemmtilegt tónlistarnám



Nú er opið fyrir umsóknir í eftirfarandi tónlistarnám:

- * Gítarnám
- * Píanónám
- * Trommunám
- * Rafbassanám
- * Söngnám

Tónsalir er rytmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu.



Upplýsingar og innritun á
www.tonsalir.is

Tónsalir ...BARA GAMAN...

Ögurharf 4A. Sími 534-3700. www.tonsalir.is



GERÐARSAFN


Skúlpúr og Smörre

Skúlpúr og Smörre er hugguleg kvöldstund í Gerðarsafni fyrir fullorðna þar sem unnið er að gerð skúlpúra frá hugmynd að listaverki. Innifalið í kvöldstundinni er aðgangur að sýningum safnsins ásamt léttum veitingum frá Króníkunni, smurbrauð og vínglas/óáfengur drykkur.

Listasmíðjan er hugsuð sem skemmtileg og skapandi upplifun undir handleiðslu myndlistarmanns sem mun leiða gesti inn í heim skúlpúrsins.

Fyrsta smíðjan verður leidd af myndlistarmanninum Erni Alexander Ámundasyni þar sem verður unnið að gerð gífs skúlpúra.

Dagsetning: 29. ágúst kl. 18:00
Verð: 12.900 krónur.
Hvar: Gerðarsafn
Bókanir:
gerdarsafn@kopavogur.is
Sími: 4417601



KOMDU Í KARATE

FRÍR GALLI FYRIR BYRJENDUR

KARATESKÓLI
FYRIR BÖRN
FÆDD 2019



FRÍR PRUFUTÍMI

FRÍSTUNDASTYRKIR
SVEITAFÉLAGA GANGA
UPP Í ÆFINGAGJÖLD

Byrjendanámskeið fyrir börn, unglunga og fullorðna
Byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir börn, unglunga og fullorðna
Frábær líkamsrækt, styrkur, agi og skemmtun!

Skráning á breidablik.is
allar upplýsingar á Facebooksíðu deildarinnar

KARATEDEILD BREIÐABLIKS

Sendið okkur póst á karate@breidablik.is til að fá frekari upplýsingar



Förum
varlega
í umferðinni



GAETUM

AÐ YNGSTU VEGFARENDUM Í UMFERÐINNI,
SÉRSTAKLEGA Í GRENND VIÐ SKÓLA



VATNSENDASKÓLI



KÁRSNES
SKÓLI



Kópavogsskóli



ÁLFHÓLSSKÓLI



Snælandsskóli



KÓRASKÓLI



TÓNLISTARSKÓLI
KÓPAVOGS



Smáraskóli



SALASKÓLI



HÖRÐUVALLASKÓLI



Lindaskóli



KÓRASKÓLI